

1606484 - Verndarsvæði í byggð – Garðahverfi á Álftanesi

Sótt var um styrk í húsfriðunarsjóð 2016 vegna verndarsvæðis í byggð það er Garðahverfis.

Tilkynning barst frá Minjastofnun dags. 14.09.2016 um að styrkur var veittur til verkefnisins.

Forsætisráðuneytið og Minjastofnun boðuðu til fundar þann 17. október sl. fulltrúa sveitarfélaga sem hlutu styrk úr húsfriðunarsjóði til að undirbúa tillögu að verndarsvæði í byggð sem senda á til forsætisráðuneytis.

Undirrituð sóttu fundinn þar sem ferlið og næstu skref voru kynnt af fulltrúum forsætisráðuneytis og Minjastofnunar. Ljóst er að verkefnin eru mislangt á veg komin hjá sveitarfélögum sem hlutu styrki til verndarsvæða í byggð t.d. forsenda framhalds verkefnanna er fornleifaskráning og húsakönnun viðkomandi byggðarsvæðis.

Þeirri vinnu er lokið við gerð deiliskipulags Garðahverfis.

Næstu skref eru að gera samning við ráðgjafa setja upp uppbyggingaráætlun. 40% styrksins verður útgreiddur þegar verkið er sannarlega hafið. Verkefnin vinnist árin 2016 – 2017.

Við undirrituð leggjum til við bæjaryfirvöld að samið verði við ráðgjafa við gerð uppbyggingaráætlunar fyrir Garðahverfið og jafnframt að hefja samtal og samráð við íbúa og ábúendur svæðisins.

Með kveðju

Erla Bil Bjarnardóttir, umhverfisstjóri

Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri